

**Stofnun stjórnsýslufræða og
stjórn mála
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni annars
starfsárs 2004**

Efnisyfirlit

	Bls.
Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	3
Samstarfsaðilar	4
Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Helstu verkefni á árinu 2004:	5
1. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu	5
2. Meistaránám í alþjóðasamskiptum	6
3. Erlent samstarf	6
4. Opnir viðburðir; stjórnsýsla, alþjóðamál, stjórn málafræði	7
5. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga	7
6. Rannsóknir og útgáfa	7
7. Samstarfssamingur um stjórnendapjálfun forstöðumanna	7
8. Samstarf um stjórnsýsluréttarfræðslu	7
9. Verkefni fyrir rektor Háskóla Íslands	7
10. Verkefni í samstarfi við forsætisráðuneyti o.fl. í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar	8
11. Verkefni fyrir félagsvísindadeild og stjórn málafræðiskor	8
12. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	8
Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2004	9
Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2004	13

Háskóli Íslands
Reykjavíkurborg
Landspítali - háskólasjúkrahús

Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur nú starfað í nær þrjú ár og markað sér stöðu sem einn helsti vettvangur umræðna og fræðslu um stjórnsýslu og stjórn mála á Íslandi. Stofnunin er í raun samstarfsverkefni margra aðila þótt hana hýsi stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands og án samstarfsaðilanna væri starfsemi hennar ekki möguleg. Mestu munar þar um Reykjavíkurborg og Landspítala – háskólasjúkrahús en margir fleiri koma þar einnig við sögu, bæði ráðuneyti, stofnanir, félög og fyrirtæki.

Rekstrarstaða stofnunarinnar er í góðu jafnvægi með því að föst framlög, aðstaða og þjónustuverkefni hafa staðið undir starfsemi hennar. Nýlega hafa fengist vilyrði fyrir framlengingu á samstarfinu við Reykjavíkurborg til fimm ára sem virðist eiga að geta tryggt starfseminni lágmarksgrundvöll til áframhaldandi rekstrar þann tíma.

Af þeim þrenns konar verkefnum sem stofnunin sinnir – fræðslu, þjónustu og rannsóknum – hefur sem fyrr mestur árangur náðst á fræðsluviðinu. Góð og örugg aðsókn er að MPA námi í opinberri stjórnsýslu og ríflega 200 manns stunda nú framhaldsnám í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands, flestir að vísu í hlutanámi. Hluti nemendanna er í diploma námi en meirihlutinn í meistaranámi. Auk þess stóra verkefnis að þróa og þjónusta MPA námið hefur stofnunin staðið fyrir margvíslegri annarri fræðslu, ráðstefnum og fundum á fræðasviði sínu.

Stofnunin hefur einnig sinnt margvíslegum þjónustuverkefnum bæði fyrir stjórnmálafræðiskor og aðra aðila. Hún hefur sinnt þjónustu við nemendur í BA og meistaranámi við skorina og aðstoðað við þróun meistaranáms í alþjóðasamskiptum sem gert er ráð fyrir að muni styðja verulega við það meistaranám sem fyrir er við skorina, ekki síst MPA námið. Einnig hefur stofnunin sinnt þjónustuverkefnum fyrir ýmsa aðila utan skorarinnar og haft af því tekjur. Þessi verkefni eru þó öll á starfssviði stofnunarinnar.

Rannsóknir eru forsenda þess að þekkingu sé miðlað. Næsta stóra verkefni stofnunarinnar er að vinna að því að efla rannsóknir til að leggja fastari grunn að þeirri fræðastarfsemi sem henni tengist. Fyrsta megin skrefið í þá átt var stigið með því að stofnunin átti þátt í því að hægt var að ráða lektor í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðiskor, en nærri helmingur af starfsskyldum hans lýtur að rannsóknum. Drög hafa verið lögð að næsta skrefi, í samræmi við umræður í stjórn stofnunarinnar, sem felst í útgáfu veftímarits um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála. Slíkt rit verður birtingarvettvangur fyrir rannsóknir kennara, niðurstöður úr lokaverkefnum og skrif sjálfstætt starfandi fræðimanna á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Fræðasamfélagið á sviði opinberar stjórnsýslu á Íslandi er samt ennþá veikburða og rannsóknir ekki nægilega veigamikill þáttur í umræðu á því sviði. Rannsóknir eru dýrar og taka langan tíma. Til lengri tíma væri æskilegt að stofnunin gæti tekið að sér virkara hlutverk í því að efla rannsóknir – með því að útvega fjármagn eða leiða saman fræðimenn og þá sem ákvarðanir taka – og stuðla þannig að öflugra fræðasamfélagi og betri ákvarðanatöku í opinberri stjórnsýslu á Íslandi.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Þann 27. maí árið 2002 samþykkti félagsvísindadeild Háskóla Íslands að setja á stofn Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála. Stofnunin starfar á vegum stjórnmálafræðiskorar og heyrir undir félagsvísindadeild.

Í reglum sem samþykktar voru í deildinni segir í 1. grein: "Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórnmál og stjórnsýslu."

Á grundvelli þessarar greinar byggir starf stofnunarinnar, þ.e. sú viðleitni að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigreinin í íslensku samfélagi, fá hingað til lands framúrskarandi fyrirlesara sem geta veitt innsýn í það sem er að gerast í þessu fagi í öðrum löndum, auka innanlands skilning á mikilvægi stjórnsýslufræða og nauðsyn þess að þar komi að bæði fræðimenn úr háskólum og öðrum rannsóknastofnunum, ásamt fagfólki úr stjórnsýslunni sjálfri og eftirlitsstofnunum með henni.

Samstarfsaðilar

Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar til þriggja ára þar að lútandi á árinu 2002. Lögð er áhersla á samstarf við þessa aðila. Sér þess m.a. stað í námskrá MPA-námsins, meistaranáms í opinberri stjórnsýslu, þar sem boðin eru námskeið um stjórnun og starfsumhverfi heilbrigðisstofnana og stjórnun og starfsumhverfi sveitarfélaga. Einnig hefur verið töluvert samstarf við Reykjavíkurborg, stjórnendur þar og sérfræðinga um stefnumörkun um íbúalýðræði, um Nýsköpunarsjóðsverkefni, kynningu á stjórnsýsluumbótum Reykjavíkurborgar á einstökum sviðum, endurmenntun fyrir starfsmenn borgarinnar, málþing og opna fundi.

Ennfremur var ákveðið að stofnunin starfi í nánum tengslum við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Þegar hefur tekist gott samstarf við fjölmarga aðila, svo sem embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun, forsætis-, fjármála- og utanríkisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, erlend sendiráð, ýmsar opinberar stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki sem vinna með opinberum aðilum, svo sem IMG-Deloitte og ParX - viðskiptaráðgjöf IBM.

Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Í stjórn stofnunarinnar hafa setið frá upphafi þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, formaður, Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, tilnefndir af stjórnmálafræðiskor, Helga Jónsdóttir lögfræðingur og borgaritari Reykjavíkurborgar, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Magnús Pétursson, hagfræðingur og forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, tilnefndur af LSH og Páll S. Hreinsson prófessor í lögum, sem er tilnefndur af rektor Háskóla Íslands. Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA. Stofnunin hefur aðsetur í Odda, v/Sturlugötu.

Áherslur í starfi – stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála leitast við að rækja hlutverk sitt, sem lýst var hér á undan með eftirfarandi hætti:

Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið og rannsóknir á sviði stjórnsýslufræða og stjórnmálafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmuna- og fagaðila í þjóðlífi.

Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórnmála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á því sviði.

Efla tengsl fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands við forystumenn í þjóðlífi; stjórnmálamenn, embættismenn, forystumenn atvinnulífs og hagsmunasamtaka. Verði það gert m.a. með sameiginlegum rannsóknaverkefnum, útgáfu kennslubóka og fræðiritra, fundum, námskeiðum og ráðstefnum. Stofnunin verði vettvangur sameiginlegra umræðna þessara aðila um stjórnmál, stjórnmálasögu og stjórnmálafræði og opinbera stjórnun.

Efla umræðu um og rannsóknir á tengslum fjölmiðla, stjórnmála og opinberrar stefnumótunar. Þekking og skilningur á hlutverki fjölmiðla við opinbera stefnumótun verður stöðugt mikilvægari eftir því sem áhrif þeirra aukast og staða þeirra sem fjórða valdsins styrkist.

Kynna og gefa út niðurstöður rannsókna á verksviði stofnunarinnar, m.a. með opnum fundum, útgáfu vefúmarits og ritraðar um stjórnsýslu og stjórn málafræði.

Veita stjórn málafræðiskor þjónustu s.s. aðstoð við stefnumótun, markaðsstarf og framhaldsnám, aðstoð við öflun styrkja til framhaldsnáms og framhaldsnema, svo og fræðslufundi og námskeið fyrir nemendur.

Helstu verkefni á árinu 2004

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, en auk þeirra var unnin fjöldi smærri verkefna.

Í því sem talið er upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana, vinnuframlags einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Er ljóst að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

1. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu

Frá upphafi hefur efling meistaranáms í opinberri stjórnsýslu verið eitt mikilvægasta verkefni stofnunarinnar í samstarfi við stjórn málafræðiskor og námsnefnd MPA-námsins. Eftir ítarlega endurskoðun á náminu veturinn 2002–03 hefur aðaláhersla verið lögð á kynningu á náminu, þróun og fjármögnun fjarnáms og erlendra samskipta. Árangur er sem fyrr mjög góður, en um eitt hundrað og áttatíu manns stunduðu námið á árinu 2004, flestir að vísu með starfi og því í hlutanámi. Tuttugu til tuttugu og fimm nemendur stunda námið í fjarnámi.

Mikils er að vænta af námi og verkefnum nemenda, sem og rannsóknum kennara, við að byggja upp stjórnsýslufræði sem kennslu- og fræðigrein hér á landi. Hér á eftir eru taldir upp helstu verkþættir MPA-námsins sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur komið að eða alfarið séð um á árinu 2004:

Fjarnám og hagnýting tölvutækni í náminu: Í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur verið þróuð aðferð við að gefa fólki úti á landi kost á að stunda námið í fjarkennslu í gegnum netið. Smám saman hefur námskeiðum verið fjölgað sem boðin eru á þessu formi og eru þau nú amk. þrjú á hverju misseri. Stunduðu námið með þeim hætti um tuttugu til tuttugu og fimm nemendur víðs vegar á landinu og einn frá Svíþjóð. eru nemendur m.a. búsettir í Vesturbyggð, Fjarðabyggð og Sandgerði, á Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Akureyri og Hornafirði, í Vestmannaeyjum og á Hvolsvelli. Var viðbótarkostnaður vegna þessa fjármagnaður m.a. með styrk frá Bygðastofnun og nemendum veitt nauðsynleg þjónusta.

Með styrk frá kennslumálasjóði H.Í. var gerð tilraun með vefforritið *It's learning* í námskeiðnu Opinber stjórnsýsla. Forritið býður uppá fjölda rafrænna möguleika í samskiptum nemanda og kennara. Mikið og gott samstarf var við Kennslumiðstöð Háskólans um bæði verkefni.

Markaðssetning - námsskrárþróun: Auk árlegrar endurskoðunar og –útgáfu á kynningarbæklingi MPA-námsins var stuðlað að fjölmiðlaumfjöllun og séð um beina markaðssetningu á náminu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, stjórn málafræðinga, félaga háskólamenntaðra o.fl. Í samstarfi við námsnefnd námsins var leitað samstarfs við stofnanir um tiltekin námskeið, þ.á.m. nýtt námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Ríkiskaup.

Þjónusta við MPA-nemendur: Auk þjónustu skrifstofu félagsvísindadeildar er þörf fyrir margs konar þjónustu við nemendur í opinberri stjórnsýslu, sem stofnunin hefur leitast við að sinna. Á árinu 2004 má m.a. nefna 40 klst. inngangsnámskeið fyrir nýja nemendur í stærðfræði, námstækni, ritgerðasmíð, heimildaöflun og -notkun. Voru námskeiðin að hluta í samstarfi við Háskólabókasafnið og námsráðgjöf Háskólans. Fyrir MPA-nema voru skipulagðar þrjár kynningarheimsóknir á árinu í stofnanir, samtök eða fyrirtæki: Til ParX - viðskiptaráðgjöf IBM, þar sem kynnt var verkefnið "Mótun og framsetning sameiginlegrar stefnu og árangursmarkmiða heilbrigðis- og tryggingamálaráðneysis og 15 heilbrigðisstofnana", heimsókn til Verslunarráðs Íslands þar sem kynntar voru nýjar skýrslur ráðsins um ríkisrekstur: "Minni ríkisumsvif margfalda tækifærin" og "Einkaframkvæmd - Samkeppni á nýjum sviðum", ennfremur heimsókn til Ríkiskaupa, Fasteigna ríkisins og Framkvæmdasýslunnar þar sem kynnt voru meginverkefni þeirra stofnana.

Starfsnám og styrkjaöflun fyrir MPA-nema í Evrópulöndum: Í samstarfi við háskóla í Evrópu úr samstarfsnetinu EPAN; European Public Administration Network, hafa fengist sex þriggja mánaða Leonardo-starfsmenntastyrkir fyrir MPA-nemendur Háskóla Íslands til starfsnáms í einhverju Evrópulanda. Á árinu 2004 fóru tveir íslenskir nemendur erlendis á þeim styrkjum, annar nemandinn tók starfsnámið hjá borgarstjórn Cork borgar á Írlandi, en hinn í félagsmálaráðuneyti Eistlands í Tallinn. Samstarfsháskólar voru University College Cork, School of Business and Government og Tallinn Pedagogical University, Department of Government. Til Íslands komu á móti á árinu 2004 í þrjá mánuði hvor, tveir nemendur frá Litháen sem báðir störfuðu hjá Gopro-Hugviti. Fyrir árin 2005–2006 fengust styrkir fyrir fjóra íslenska stúdenta til viðbótar til Þýskalands, Póllands, Litháen og Búlgaríu. Mikið starf fylgir styrkumsóknum, umsjón með skiptinemunum einkum þeim sem hingað koma, svo og skýrslugerð til ESB v. styrkjanna. Það starf er allt unnið af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Námskeið fyrir kennara MPA-námsins: Skipulagt var námskeið í kennslutækni og kennsluvefsnotkun fyrir kennara MPA-námsins og stjórnmálafræðiskorar, í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

2. Meistaránám í alþjóðasamskiptum

Eitt af áhersluatriðum í stefnu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er eins og áður gat þróun meistaránáms á sviði stjórnsýslu og stjórnmála. Ekki er hægt að fjalla um opinbera stjórnsýslu án stjórnmála og staðreynd er að stjórnsýsla þjóðríkja verður æ tengdari alþjóðastofnunum, alþjóðlegum samtökum og –skuldbindingum, auk þróunar alþjóðamála almennt. Á grundvelli þessa og faglegs styrkleika innan stjórnmálafræðiskorar hófst á árinu 2004 þróun meistaránámsleiðar í alþjóðasamskiptum, en námið hefst haustið 2005. Stjórnarmaður í Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála Baldur Þórhallsson dósent leiddi þróunarstarfið f.h. stjórnmálafræðiskorar, en forstöðumaður Margrét S. Björnsdóttir var honum til aðstoðar ma. við uppsetningu námsins og leit að styrkjum og samstarfsaðilum. Mun þetta nýja nám bjóða uppá margs konar nýja möguleika fyrir þá sem stunda meistaránámið í opinberri stjórnsýslu og öfugt.

3. Erlent samstarf

Í tengslum við þróun MPA-námsins var á árinu 2003 tekið upp samstarf við EPAN, European Public Administration Network og við samstarfsnet háskóla í Evrópu er bjóða MPA-nám, en Copenhagen Business School leiðir það samstarf. Stærsta samstarfsverkefnið við EPAN til þessa eru áður nefnd stúdentaskipti í starfsnámi með tilstyrk Leonardo-styrkja. Á árinu 2004 var Stofnun stjórnsýslufræða, einnig í gegnum samstarfsnet EPAN, aðili að umsókn um norrænan styrk til að efla samstarf háskóla á Norðurlöndum og Eystrarsaltsríkja um doktorsnámskeið í stjórnsýslufræðum. Í samstarfi við háskóladeildir í Finnlandi, Svíþjóð og Eystrarsaltslöndum var sótt um styrk fyrir doktorsnema-námskeið og -tengsl. Fimm manns stunda nú doktorsnám í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðiskor.

Tekið var upp samband við danska fjármálaráðuneytið um aðgang stofnunarinnar að þeirra útgáfu- og þróunarverkefnum á sviði opinberrar stjórnunar. Fyrsta verkefnið er að þýða og staðfæra leiðbeiningar um mat á stjórnendum í opinberum rekstri; “Ledelseevaluering i staten – et grundlag for udvikling”. Verða þær gefnar út og kynntar haustið 2005.

Tekið var á móti og sett upp fræðsludagskrá fyrir hóp stjórnenda og starfsmanna frá Hedmark University College 14.-17. mars, en sá skóli er aðili að áður nefndu samstarfsneti MPA-skóla, undir stjórn Copenhagen Business School.

Fengnir voru erlendir fræðimenn á sviði opinberrar stjórnsýslu, -forystu og -stjórnunar ma. frá John F. Kennedy School of Government við Harvard til að halda námskeið og fyrirlestra fyrir MPA-nema og stjórnendur í opinberum rekstri, auk þess sem fjöldi erlendra fræðimanna, embættismanna og stjórnmálamanna fluttu opna fyrirlestra um margvísleg viðfangsefni alþjóðamála og stjórnmálafræða. Sjá viðauka I. og II.

4. Opnir fyrirlestrar og málþing um efni er lúta að opinberri stefnumörkun og rekstri, stjórnmálum, alþjóðamálum,

Á árinu 2004 voru haldin 24 málþing og opnir fyrirlestrar. Aðsókn var nær alltaf mjög góð og má áætla að rúmlega 2000 manns hið minnsta hafi sótt einhvern þessara viðburða. Inni í þeim tölum eru málþingin sem haldin voru í tilefni af 100 ára heimastjórnarafmælinu og sagt er frá í lið 10. hér að neðan.

Lang oftast voru þessir viðburðir haldnir í samstarfi við aðra og hafa samstarfsaðilar m.a. verið ráðuneyti, ríkisstofnanir, erlend sendiráð, Reykjavíkurborg, aðrar deildir Háskóla Íslands, Félag forstöðumanna

ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, ParX - viðskiptaráðgjöf IBM og félög háskólamanna. Sjá yfirlit í viðauka I.

5. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga

Skipulögð voru í samstarfi við Endurmenntunastofnun Háskólans, Reykjavíkurborg, IMG-Deloitte, Samband sveitarfélaga o.fl. 15 endurmenntunarnámskeið á vor- og haustmisseri 2004. Þáttakendur voru alls 406 talsins með þeim sem taldir eru undir lið 7. og 8. hér að neðan. Námskeiðin fjölluðu annars vegar um mikilvæga þætti og nýmæli í stjórnun opinberra stofnana, en hins vegar um laga- og reglugerðaramma opinberrar starfsemi. Sjá nánar viðauka II.

6. Rannsóknir og útgáfa

Ljóst er að þetta áherslusvið stofnunarinnar mun byggjast upp á lengri tíma. Rannsóknir fastra kennara í stjórnsýslunáminu verða kjölfestan, en lokaverkefni MPA-nemenda eru einnig mikilvæg. Tilkoma nýs lektors í stjórnsýslufræðum skiptir hér miklu. Vísir að rannsóknnum eru þó Nýsköpunarsjóðsverkefni sem stofnunin stóð að á árinu 2004 ásamt Reykjavíkurborg. Fjölluðu þau um félagsauð og forvarnarstarf, arðsemi rafrænnar stjórnsýslu og umbætur í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar 1994-2004. Meginþungi umsjónar þeirra var í höndum þróunarsviðs Reykjavíkurborgar, en af hálfu Stofnunar stjórnsýslufræða voru þau Haukur Arnþórsson, Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir faglegir leiðbeinendur nemendanna.

Tekið var upp samband við danska fjármálaráðuneytið um aðgang stofnunarinnar að þeirra útgáfu- og þróunarverkefnum á sviði opinberrar stjórnunar. Fyrsta verkefnið verður eins og áður sagði að þýða og staðfæra leiðbeiningar um mat á stjórnendum í opinberum rekstri; “Ledelsevaluering i staten – et grundlag for udvikling”. Hófst vinna við það á árinu 2004 og mun henni ljúka á árinu 2005. Stefnt er að útgáfu veftímarits um stjórnsýslufræði og stjórnsmál á árinu 2005.

7. Samstarfssamingur við fjármálaráðuneyti, Félag forstöðumanna og IMG um stjórnendabjálfun fyrir forstöðumenn ríkisstofnana

Frá upphafi hefur Stofnun stjórnsýslufræða átt gott samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fjármálaráðuneyti um fræðslu og umræðufundi um opinbera stjórnsýslu. Stærsta verkefnið til þessa er þó stjórnendabjálfun fyrir forstöðumenn ríkisstofnana. Í september 2004 undirrituðu fulltrúar fjármálaráðuneytis, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, IMG og Stofnunar stjórnsýslufræða samstarfs-samning til tveggja ára um fræðslu og bjálfun forstöðumanna ríkisins. IMG sér um alla kennslu og framkvæmd, en námskrárþróun er í höndum samstarfsnefndar aðila. Unnin var ítarleg þarfagreining og byggir námskráin á þeirri þarfagreiningu, auk niðurstaða OECD um starfsþróun ædstu stjórnenda hins opinbera í aðildarríkjum þess. Fyrsti hópur forstöðumanna hóf námið í október og lauk því í mars 2005. Sjá nánar í viðauka II.

8. Samstarf við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna og Lagastofnun H.Í. um fræðslu um stjórnsýslurétt

Í framhaldi af málþingi á árinu sem haldið var í tilefni 10 ára afmæli stjórnsýslulaga varð að ráði að forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Lagastofnun H.Í. og Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands stæðu sameiginlega að sex vikna námskeiði um stjórnsýslurétt á haustmisseri 2004. Að vissu leyti var þetta tilraun, en ekki eru annars staðar í boði jafn ítarleg námskeið um þetta efni fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar. Ítrekað hafa þó komið fram ábendingar um slíkt m.a. frá umboðsmanni Alþingis. Námskeiðið hófst 5. október og því lauk þann 11. nóvember. Undirtektir voru mjög góðar, 37 manns sóttu námskeiðið og komust færri að en vildu. Framhald verður á þessu samstarfi og það jafnvel útvíkkað og kannaðir möguleikar á sameiginlegri útgáfustarfsemi, auk fræðslu um stjórnsýslurétt og upplýsingalög. Sjá nánar í viðauka II.

9. Verkefni fyrir rektor Háskóla Íslands

Þegar Stofnun stjórnsýslufræða hóf störf var um það samið við háskólarektor, að stofnunin tæki að sér sérverkefni fyrir rektor Háskóla Íslands eftir því sem tilefni gæfust. Á árinu 2004 hélt stofnunin utan um dagskrárgerð, markaðssetningu og framkvæmd málþings rektors og Umboðsmanns barna; Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna sem haldið var 5. nóvember. Þar voru kynntar og ræddar rannsóknir, sem

snerta íslensk börn og unglinga, alls 52 rannsóknaverkefni sem fjöldi fræðimanna og fagfólks hafði unnið að. Tilgangur málþingsins var að veita almenningi og fagfólki aðgang að þessum rannsóknum. Ennfremur að sýna þá miklu grósku og breidd sem er í rannsóknum á þessu sviði, rannsóknum sem í mörgum tilfellum geta stuðlað að bættu heilsufari, bættum aðstæðum og þar með aukinni velferð íslenskra barna og unglinga. Alls sóttu hátt á þriðja hundrað manns málþingið og verða erindin auk þess gefin út á árinu 2005.

10. Verkefni í samstarfi við forsætisráðuneyti ofl. í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar

Stofnun stjórnsýslufræða var aðili að og /eða aðstoðaði við dagskrárgerð, kynningu og framkvæmd þriggja málþinga sem haldin voru í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar 1904-2004: Hvar liggur valdið? Hjá Alþingi eða framkvæmdarvaldi, haldið 6. febrúar; Hvar er jafnréttið? haldið 17. mars; Atvinnubylting Íslendinga í upphafi heimastjórnar og áhrif hennar á 21. öldinni, haldið 10. september. Alls sóttu um 400 manns málþingin. Sjá nánar í viðauka I.

11. Verkefni fyrir félagsvísindadeild og stjórn málafræðiskor

Eitt verkefna stofnunarinnar er að vinna ýmis þjónustuverkefni fyrir stjórn málafræðiskor. Þau helstu á árinu 2004 voru:

Kynning á BA-námi í stjórn málafræði: Vorið 2004 voru skipulagðar heimsóknir í þrettán framhaldsskóla, þar sem BA-nemendur kynntu stúdentsárgöngum BA-nám í stjórn málafræðum.

Opnir fyrirlestrar og námskeið fyrir BA-nema í stjórn málafræði: Skipulagðir voru þrjú opnir fyrirlestrar með félagi stjórn málafræðinema *Politica*; tveir um bandarísk stjórn mála og forsetakosningarnar í nóvember 2004 og einn um ræðutækni og -snilld nokkurra erlendra stjórn málamanna; Pólítísk forysta og málflutningur. Ennfremur var haldið í annað skipti vorið 2004 námskeið fyrir útskriftarnema um atvinnuumsóknir og atvinnuviðtöl.

Erlendir fyrirlesarar í BA-námi: Stofnun stjórnsýslufræða hefur á hverju ári aðstoðað kennara í BA-námi við að fjármagna og sjá um framkvæmd heimsókna erlendra gestafyrirlesara. Á árinu 2004 var það breski rithöfundurinn og stríðsfréttaritari Tim Judah, sem heimsótti Ísland. Auk opins fyrirlestrar flutti hann fyrirlestra í BA-námskeiði stjórn málafræðinnar; Þjóðernisátök og þjóðernishyggja

Kynningarverkefni: Forstöðumaður sat í kynningarnefnd ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum sem starfaði í september og október. Sá hann um alla kynningu til samtaka þeirra sem útskrifast hafa úr félagsvísindadeild, auk þess til stofnana þar sem þeir eru líklegir til að starfa og/eða stofnana sem fást við efni sem tengjast rannsóknasviðum deildarinnar. Forstöðumaður sá auk þess um eða aðstoðaði Alþjóðastofnun við kynningar á nokkrum opnum viðburðum á árinu.

12. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórn málafræða og stjórn mála

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar eru árlega 3.8 milljónir króna, auk allrar starfsaðstöðu í Odda. Til viðbótar þarf að afla a.m.k. um 4 milljóna til rekstrarins, auk fjármögnunar einstakra stærri verkefna. Tókst það á árinu 2004 með útseldri vinnu forstöðumanns, tekjum af málþingum, endurmenntunarnámskeiðum, með öflun styrkja í afmörkuð verkefni frá ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum. Auk þessa hafa fjölmargir einstaklingar lagt fram vinnu endurgjaldslaust til fyrirlestrahalds eða annarra verkefna. Hefur þar birst glögg sá áhugi og velvilji sem starfsemin nýtur. Ennfremur var aflað um tveggja milljóna til kennslu BA- og MPA-námsins háskólaárið 2004-2005.

Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2004

Sem fyrr var haldinn mikill fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og samtök. Fjöldi erlendra fyrirlesara tók þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna. Opin málþing/ fyrirlestrar á árinu 2004 voru alls 24 og gestir rúmlega tvö þúsund. Þau eru hér flokkuð eftir viðfangsefnum:

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Fjölþjóðlegar stofnanir

Alþjóðastjórnsmál

Ýmis önnur viðfangsefni ma. stjórn málafræða og lögfræði

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Menningarstefna, menningararfur, menningarfræði

15. – 17. janúar. Málþing – námskeið sem Reykjavíkur Akadémían hélt í samstarfi við menntamálaráðuneytið, Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar, Lesbók Morgunblaðsins, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Ávarp menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrirlesarar Tony Bennett prófessor í félagsfræði við Open University í Bretlandi, Barbro Klein forseti sænsku félagsvísindaakadémiunnar, SCASSS og fv. prófessor, Jón Ólafsson og Hallfríður Þórarinsdóttir frá Reykjavíkúakadémiunni, Svanhildur Konráðsdóttir Reykjavíkurborg, Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur, Guðný Gerður Gunnarsdóttir forstöðumaður Árbæjarsafns, Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur og Sveinn Einarsson menntamálaráðuneyti. Umsjón Valdimar Th. Hafstein mannfræðingur.

Er samvinna sveitarfélaga valkostur við sameiningu?

12. mars. Opinn fyrirlestur og umræður um meistaraþrófsritgerð Róberts Ragnarssonar MA í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands. Viðbrögð, Jón Gauti Jónsson viðskiptafræðingur og ráðgjafi hjá ParX- viðskiptaráðgjöf IBM. Umræðu- og fundarstjórn Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

Frá málaflokkasýn til samþættingar þjónustu; um möguleika rafrænnar stjórnsýslu fyrir lýðræði og hagkvæmni

16. mars. Ráðstefna í samstarfi við ParX - viðskiptaráðgjöf IBM og forsætisráðuneyti. Setning: Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra. Fyrirlesarar Arnar Jónsson ráðgjafi á stjórnsýslusviði ParX, Alain Verheyden – Solution Leader IBM Software Group EMEA, Guðbjörg Sigurðardóttir forsætisráðuneyti, Sigurður T. Björgvinsson verkefnisstjóri Sunnan3, Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri Garðabæjar og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi. Umræðu- og fundarstjóri Kristín A. Árnadóttir forstöðumaður þróunar- og fjölskyldusviðs Reykjavíkurborgar.

Stjórnsýslulög í áratug – áhrif þeirra og árangur

31. mars. Málþing í samstarfi við Félag forstöðumanna. Ávarp: Davíð Oddsson forsætisráðherra. Fyrirlesarar: Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Páll Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Málþingsstjóri Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti.

Félagsauður (Social Capital) á Íslandi: Forsenda framfara í nýju þjóðfélagsumhverfi?

Stjórnsmál og stjórnkerfi, menntun, félagsleg og efnahagsleg velferð, heilsa

Málþing 30. apríl í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Fyrirlesarar Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður, Þórólfur Þórlindsson prófessor H.Í., Gert Tingaard Svendsen prófessor Viðskiptaháskólanum í Árósum, Stefán Ólafsson prófessor H.Í., Inga Dóra Sigfúsdóttir fræðimaður Rannsóknir og greining ehf., Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor H.Í., Sigurður Guðmundsson landlæknir, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor H.Í., Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur Rvk.borg. Pallborðsumræður; borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Stefán Jón Hafstein, Björk Vilhelmsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri Akureyrabæjar, Vilhjálmur Þ.

Vilhjálmsson borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lokaorð og slit: Þórólfur Árnason borgarstjóri

Stjórnun borga og breyting velferðarríkja: Kanada, Danmörk og Svíþjóð.

18. ágúst, opinn fyrirlestur í samstarfi við Borgarfræðasetur og Reykjavíkurborg. Fyrirlesari Emmanuel Brunet-Jailley lektor í stjórnsýslufræðum við Victoria háskóla í Kanada, gstilektor við Borgarfræðasetur. Umræðu- og fundarstjóri Stefán Ólafsson prófessor.

"Hvað er málið?" Samþætting kynjasjónarmiða í sænskum sveitastjórnarmálum og Evrópusambandinu. ("What's the problem?" Meanings of gender mainstreaming in Swedish regional policies - and in the EU)

23. ágúst, opinn fyrirlestur í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK). Fyrirlesari Malin Rönnblom stjórn málafræðingur og fræðimaður við Centre for Women's Studies við háskólann í Umeå.

Opinber stjórnun og stjórnsýsluumbætur í Bretlandi: - Aðferðir, árangur og helstu viðfangsefni í dag

16. september, málþing í samstarfi við Ríkisendurskoðun og Félag forstöðumanna. Fyrirlesari Sir John Bourn ríkisendurskoðandi Bretlands og gestaprófessor við London School of Economics. Umræðu- og fundarstjóri Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands.

Rekstrarfyrirkomulag og ábyrgð - Þróun á tilhögun opinbers rekstrar

24. nóvember, málþing í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fjármálaráðuneytið. Ávarp Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, fyrirlesarar Arnar Þór Músson sérfræðingur í fjármálaráðuneyti og stundakennari í stjórnsýslufræðum, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði við H.Í., Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis. Fundarstjóri Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti.

Fjölþjóðlegar stofnanir og -samtök

Allt nema áhrif innan stofnana ESB; Ísland eftir stækkun Evrópusambandsins

16. febrúar, opinn fyrirlestur. Fyrirlesari Diana Wallis þingmaður á Evrópusambandsþinginu fyrir Frjálslyndaflokkinn í Bretlandi (Liberal Democrat European Parliamentary Party). Hún fer þar fyrir þingmannahópi flokksins, situr í sameiginlegri þingmannanefnd ESB og EES og er formaður samstarfsnefndar þingsins við ríki EES. Fundar- og umræðustjóri Ólafur Stephensen aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins.

Hin nýja Stjórnarskrá Evrópu - Álitamál og áhrif á EES löndin

22. júlí, opinn fyrirlestur og pallborðsumræður. Ávarp Alp Mehmet sendiherra Bretlands á Íslandi, fyrirlesari dr. Denis MacShane, þingmaður og Evrópumálaráðherra Bretlands. Í pallborði Sólveig Pétursdóttir, formaður Utanríkismálanefndar Alþingis, Jónína Bjartmarz varaformaður Utanríkismálanefndar Alþingis og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar. Fundar- og umræðustjóri Ólafur Þ. Harðarson prófessor.

Stjórnarskrá ESB og Evrópusamruninn: Gagnrýnin sýn.

22. september, opinn fyrirlestur og umræður, fyrirlesari Daniel Hannan þingmaður á Evrópusambandsþinginu fyrir breska Íhaldsflokkinn. Umræðu- og fundarstjóri Martin Eyjólfsson lögfræðingur, forstöðumaður viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR), en hann starfaði áður í sendiráði Íslands í Brussel.

Alþjóðastjórnsmál

Forsættakosningar í Bandaríkjunum; ma. helstu átakaefni, hlutverk pólitískra ráðgjafa

17. febrúar, opinn fyrirlestur Jake L. Siewert jr. yfirmanns upplýsingamála hjá Alcoa, fyrrum blaðafulltrúa Bill Clinton í Hvíta húsinu og núverandi pólitískum ráðgjafa John Kerry. Umræðu- og fundarstjóri Ólafur Þ. Harðarson prófessor.

"The Return to Pragmatism in Transatlantic Relations"

19. mars, opinn fyrirlestur og umræður í samstarfi við utanríkisráðuneytið og breska sendiráðið á Íslandi, fyrirlesari Mark Joyce einn yfirmanna stofnunarinnar RUSI (Royal United Services Institute). Umræðu- og fundarstjóri Valur Ingimundarson sagnfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Tvíefld samvinna Norðurlanda og Eystrarsaltsríkja - og mikilvægi alþjóðaréttar

7. september, opinn fyrirlestur og umræður í samstarfi við sænska sendiráðið og Alþjóðamálastofnun, fyrirlesari utanríkisráðherra Svíþjóðar Laila Freivalds. Umræðu- og fundarstjóri Baldur Þórhallsson dósent.

Bandarísku forsættakosningarnar: Herfræði framþjóðenda, val kjósenda, leikreglur og líkleg úrslit

19. október, opinn fyrirlestur og umræður, haldið í samstarfi v. Alþjóðamálastofnun og bandaríska sendiráðið. Fyrirlesari David W. Rohde, prófessor v. Department of Political Science, Michigan State University. Umræðu- og fundarstjóri Indriði H. Indriðason lektor í stjórnmálafræði.

Stríðsfréttamenska: "From Bosnia to Baghdad: How to Report a War - and Win"

28. október, opinn fyrirlestur í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands. Fyrirlesari breski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Tim Judah, sem hefur langa reynslu sem stríðsfréttaritari ma. í Írak, í Afganistan, á Balkanskaga og á áttaksvæðum í Afríku. Umræðu og fundarstjóri Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður á Morgunblaðinu og stundakennari við stjórnmálafræðiskor H.Í.

Atlantshafstengslin og friðarhorfur í Mið-Austurlöndum - Í kjölfar bandarísku forsættakosninganna

23. nóvember, umræðufundur með John Edwin Mroz og þremur öðrum forystumönnum EastWest Institute. J.E. Mroz er stjórnarformaður og stofnandi EastWest Institute. Hann hefur verið ráðgjafi fjölmargra ríkisstjóra og alþjóðasamtaka og þegið viðurkenningar fyrir störf sín, m.a. í Þýskalandi fyrir aðstoð við sameiningu þýsku ríkjanna. Hann hefur sent frá sér fjölmargar greinar og bækur um alþjóðamál, m.a. Beyond Security: Private Perceptions Among Arabs and Israelis.

Ýmis viðfangsefni ma. stjórnmálafræða og lögfræði

Í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar 1904-2005 voru haldin þrjú málþing í samstarfi við forsættisráðuneytið, laga- og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Íslandsbanka:

Hvar liggur valdið? Hjá Alþingi eða framkvæmdvaldi

6. febrúar. Ávarp Davíð Oddsson, forsættisráðherra, fyrirlesarar Jens Peter Christiansen, prófessor við Háskólann í Árósum, Páll Hreinsson, prófessor H.Í., Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor H.Í.. Pallborðsumræður: Ólafur Stephensen, aðstoðarritstjóri, Birgir Ármannsson, alþingismaður, Jónína Bjartmarz, alþingismaður, Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri, Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður, Björg Thorarensen, prófessor H.Í. Lokaorð Eiríkur Tómasson, prófessor og deildarforseti H.Í.

Hvar er jafnréttið?

17. mars. Ávarp Árni Magnússon félagsmálaráðherra, ráðherra jafnréttismála, fyrirlesarar Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur og sérfræðingur hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum v. Háskóla Íslands, Lára V. Júlíusdóttir hrl., lektor Háskóla Íslands og f.v. form. Kvenréttindafélags Íslands, Birna Anna Björnsdóttir rithöfundur og blaðamaður, Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi hjá Reykjavíkurborg, Hjörtur Magni Jóhannsson Fríkirkjuprestur. Pallborðsumræður Sigríður Árnadóttir fréttastjóri Stöðvar 2, Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður, Bjarni Benediktsson alþingismaður, Hulda Dóra Styrmissdóttir

framkvæmdastjóri Íslandsbanka, Katrín Anna Guðmundsdóttir talsmaður Feministafélags Íslands, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hrl., formaður Kvenréttindafélags Íslands.

Atvinnubylting Íslendinga í upphafi heimastjórnar og áhrif hennar á 21. öldinni

10. september. Setning Ágúst Einarsson prófessor, í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, fyrirlesarar Jón Þ. Þór sagnfræðingur, Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka, Jón Páll Halldórsson, fyrrv. forstjóri Norðurtangans á Ísafirði, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra og aðstoðarforstjóri OECD, Jón Sigurðsson, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans (NIB) og fyrrv. ráðherra.

Kristilegur grundvöllur stjórnmalahreyfinga og -flokka -"The European Christian Political Movement"-

16. september, opinn fyrirlestur og umræður í samstarfi við guðfræðideild H.Í. Fyrirlesari Johannes de Jong fulltrúi Evrópusamtaka stjórnmalaflokka og -hreyfinga, sem byggja á kristilegum grunni; European Christian Political Movement. Umræðu- og fundarstjóri Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmalafraeði.

Pólítísk forysta og málfutningur-hvað má læra af forystumönnum eins og Churchill, Lincoln, Roosevelt, Thatcher og Reagan ?

1. október, opinn fyrirlestur og umræður. Fyrirlesari James C. Humes prófessor við Colorado State University, höfundur fjölda bóka um pólítíska forystu og málfutning, auk þess að hafa í samtals 25 ár verið ræðuskrifari fyrir fimm Bandaríkjaforseta. Umræðu- og fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Lýðræði á Norðurlöndum. Lýðræði og stjórnmalapáttaka. Eru stjórnmalaflokkar og stjórnmalamenn í kreppu?

12. nóvember, málþing í samstarfi við Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins og lýðræðisnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar. Ávarp Valgerður Sverrisdóttir samstarfsráðherra Norðurlanda. Fyrirlesarar Lise Togeby prófessor við Háskólann í Árósum formaður nefndar sem gerði úttekt á völdum og lýðræði í Danmörku, Fredrik Engelstad prófessor við Háskólann í Osló sem var í norsku nefndinni sem gerði sambærilega úttekt og Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmalafraeði. Pallborðsumræður, Atli Gíslason lögmaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaform. Samfylkingarinnar, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, stjórnandi Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur. Málþingsstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2004

Sem fyrr voru haldin endurmenntunarnámskeið í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og samtök. Á árinu voru þau fimmtán talsins og þátttakendur 406.

Að ná árangri í opinberum rekstri

Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) í opinberum rekstri – gerð stefnukorta og skorkorta

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í.

Kennarar: Arnar Þór Másson stjórn málafræðingur hjá Fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Kristín Kalmansdóttir viðskiptafræðingur sem var verkefnisstjóri við innleiðingu BSC Hjá Reykjavíkurborg.

Tími: 15. janúar 13:00-17:00 og 16. janúar kl. 9:00-12:00.

Árangursstjórnun í opinberum rekstri: Forysta stjórnenda, hvatning starfsmanna og val mælikvarða:

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og IMG-Deloitte ráðgjöf.

Fyrirlesarar: Arnar Þór Másson stjórn málafræðingur hjá Fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Svafa Grönfeld lektor við H.Í., Ágúst Hrafnelsson forstöðumaður innri endurskoðunardeildar Reykjavíkurborgar, Anna Margrét Jóhannesdóttir stjórnsýslufræðingur hjá IMG-Deloitte og Kristín Kalmansdóttir verkefnisstjóri v. innleiðingu BSC hjá Reykjavíkurborg. Umsjón: Anna Margrét Jóhannesdóttir stjórnsýslufræðingur hjá IMG Deloitte.

Tími: 9. og 10. mars nk. kl. 8.30-12.30

Opinber rekstur: Þjónustustjórnun og þjónustugæði - Hagnýtar aðferðir við skipulagningu, framkvæmd og mælingar á þjónustu

Í samstarfi Endurmenntunar H.Í. við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og IMG-Deloitte ráðgjöf.

Aðalleiðbeinandi: Kristinn T. Gunnarsson MBA, stjórnunarráðgjafi og þjálfari hjá IMG-Deloitte, en auk hans fluttu fyrirlestra þau Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignamats ríkisins og Kristín A. Árnadóttir MPA, sviðsstjóri þróunarsviðs Reykjavíkurborgar.

Tími: 1. og 2. apríl kl. 8.30 – 12.30.

Verkefnastjórnun - Að innleiða og ná árangri í stjórnun verkefna í opinberum sem og einkafyrirtækjum

Í samstarfi við IMG Deloitte.

Leiðbeinandi: Morten Fangel ráðgjafaverkfræðingur.

Tími: 27. apríl kl. 13.00 - 17.00 og 28., 29. og 30. apríl kl. 8.30 - 17.00.

Stjórnun breytinga í sveitarfélögum: Alþjóðleg þróun, forysta um "kúltúr" breytingar, samspil kjörinna fulltrúa, embættismanna og almennings

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og þróunarsvið Reykjavíkurborgar.

Kennari: Mike Richardson fv. framkvæmdastjóri borgarinnar Christchurch á Nýja Sjálandi á árunum 1992-2002. Hann hefur verið ráðgjafi fjölmargra opinberra aðila víðs vegar um heiminn, m.a. WHO og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um stjórnkerfi borga í Suð-austur Asíu.

Tími: 27. apríl kl. 8:30-13:00, 28. apríl kl. 8:30-17:00 og 29. apríl kl. 8:30-13:00.

Forystuhlutverkið; fyrir stjórnendur í opinberum rekstri og stjórn málamenn

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og IMG Deloitte, stjórnsýslusvið.

Kennari: Marty Linsky kennari við Harvard háskóla, J. F. Kennedy School of Government

Tími: 2. og 3. maí.

Purfa opinberir aðilar að hugsa um markaðsmál?

Í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og IMG-Deloitte.

Aðalkennari: Þórður Sverrisson, rekstrarhagfræðingur, hjá IMG-Deloitte og stundakennari H.Í. Gestafyrirlesari. Heimir Már Pétursson upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar.

Fyrri námskeið: 13. maí kl. 13.00-17.00 og 14. maí kl. 8.30-12.00.

Síðara námskeið: 11. okt. kl. 13.00-17.00 og 12. okt. kl. 9.00-13.00.

Rafræn stjórnsýsla og innri verkferlar stofnana og fyrirtækja

Haldið í samstarfi við svið stjórnsýsluráðgjafar hjá ParX - viðskiptaráðgjöf IBM.

Fyrirlesari: Kim Viborg Andersen er prófessor við upplýsingatæknideild Copenhagen Business School og forstöðumaður Centre for Research on IT in Policy Organizations.

Tími: 24. maí.

Stjórnendapjálfun fyrir forstöðumenn ríkisstofnana – Ma. forystuhlutverk stjórnenda, stefnumótun og áætlanagerð. Stjórnun á breytingatímum. Árangursrík mannauðsstjórnun.

Haldið í samstarfi við IMG-Deloitte, fjármálaráðuneyti og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Ráðgjafar- og kennarar IMG: Svafa Grönfeld, Hafsteinn Bragason, Hákon Gunnarsson, Vilmar Pétursson, Bjarni Snæbjörn Jónsson, Linda Bára Lýðsdóttir, Gunnar Haugen, Hildur Elín Vignir og Þórður Sverrisson.

Tími: Nóvember 2004 – mars 2005. Alls um 40 klst.

Millistjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum - Ný hlutverk - reynsla stofnunar af eflingu þeirra

Haldið í samstarfi við Endurmenntun H.Í.

Fyrirlesarar: Hafsteinn Bragason M.Sc. í vinnusálfræði og sviðsstjóri hjá IMG-Deloitte, Helga Jóhannsdóttir M.Sc. í stefnumörkun og stjórnun og Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga.

Tími: 18. og 19. nóvember kl. 8:30-12:30.

Lagaumhverfi opinberrar starfsemi

Stjórnsýslureglur við meðferð mála hjá sveitarfélögum

Haldið í samstarfi við Endurmenntun H.Í. og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsjón: Anna G. Björnsdóttir og Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfræðingar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðjón Bragason, lögfræðingur félagsmálaráðuneyti og Inga Þöll Þórgnýsdóttir lögfræðingur, lögmaður Akureyrarbæjar.

Fyrirlesarar: Ásmundur Helgason lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður Akureyri, Róbert R. Spanó aðstoðarm. umboðsmanns Alþingis og lektor við lagadeild HÍ, Sigurður Óli Kolbeinsson lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Trausti Fannar Valsson lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis.

Í Reykjavík: 29. janúar 13.00-17.00 og 30. janúar, kl. 9.00-16.00.

Á Akureyri: 12. febrúar 13.00-17.00 og 13. febrúar, kl. 9.00-16.00.

Stofnanagerðir og lagaumhverfi opinberrar starfsemi á Íslandi

Haldið fyrir stjórnendur Flugmálastjórnar og nefnd um endurskoðun á skipulagi stofnunarinnar.

Fyrirlesarar: Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Ómar H. Kristmundsson lektor og Arnar Þór Mátsson sérfræðingur í fjármálaráðuneyti.

Tími: 6. maí.

Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga

Haldið í samstarfi við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun H.Í.

Umsjónarmaður og aðalkennari: Páll Hreinsson lagaprófessor. Auk hans þeir Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Róbert R. Spanó lektor.

Tími: 5. október - 11. nóvember. Alls 36 klst. auk heimsókar til Umboðsmanns Alþingis.